



## Reglur um launalaus leyfi og lækkað starfshlutfall

### Launalaust leyfi

Starfsmenn Seyðisfjarðarkaupstaðar geta sótt um launalaust leyfi til viðkomandi forstöðumanns. Umsókninni þurfa að fylgja fullnægjandi gögn og þarf hún að berast forstöðumanni með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara.

#### 1. grein

Leyfið skal ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða. Sama starfsmanni er ekki veitt endurtekið leyfi nema sérstakar fjölskylduástæður eða framhaldsnám réttlæti það og hagsmunir kaupstaðarins mæli ekki gegn því. Aldrei er þó veitt lengra leyfi en til tveggja ára. 2. Einungis er veitt launalaust leyfi þegar til þess liggja ríkar ástæður, sem starfsmanni ber að tilgreina í umsókninni. Þær ástæður eru framlenging á fæðingarorlofi, leyfi til náms sem nýtist í starfi, sérstakar fjölskylduástæður og annað sem metið er sambærilegt.

#### 2. grein

Ef ráðinn er starfsmaður í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal ganga skriflega frá því við ráðningu hans að ráðningin sé til tímabundin og að ráðningarsambandi ljúki án uppsagnar.

#### 3. grein

Almennt er ekki skylt að verða við ósk starfsmanns um launalaust leyfi. Undantekningar: - Launalaust foreldraorlof skv. VII. kafla laga nr. 95/2000; - Starfsmenn kjörnir á þing 4. gr. I. nr. 88/1995; - Starfsmaður skal eiga rétt á launalaus leyfi, ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar eða deildar, sbr. gr. 10.1.2 í flestum kjarasamningum.

#### 4. grein

Starfsmaður sem telur synjun um launalaust leyfi ekki vera í samræmi við reglur þessar getur skotið máli sínu til afgreiðslu bæjarráðs.

#### 5. grein

Reglur þessar rýra ekki áunninn eða umsaminn rétt starfsmanna sem þeir eiga á grundvelli kjarasamninga.

#### 6. Grein

Ganga skal frá skriflegri tilkynningu um launalaust leyfi og senda afrit af því til launafulltrúa.

### Minnkað starfshlutfall

#### 7. grein

Heimilt er yfirmanni að verða við ósk starfsmanns um minnkað starfshlutfall.

#### 8. grein

Í þeim tilfellum sem starfshlutfalli er breytt ber að ganga frá nýjum ráðningarsamningi þar að lútandi og yfirfara starfslýsingu með hliðsjón af verkefnum. Sama gildir þó um tímabundna breytingu verði að ræða. Í báðum tilvikum skal viðhlítandi ráðningarskjölum komið til launafulltrúa.



## 9. grein

Ekki er miðað við að starfsmenn kaupstaðarins taki launalaus leyfi umfram orlof. Heimild er að koma til móts við fasta starfsmenn með leyfi umfram orlof enda dragist það frá orlofi næsta orlofsárs. Þó ber stjórnendum að veita kjörnum fulltrúum kaupstaðarins leyfi frá störfum til að sinna þeim störfum og verkefnum sem þeir eru falin af stjórn kaupstaðarins. Slík leyfi skulu borin undir bæjarstjóra.

Reglur þessar um launalaus leyfi og lækkað starfshlutfall hjá Seyðisfjarðarkaupstað sem bæjarstjórn hefur samið og samþykkt taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar. Þær ber að endurskoða eigi sjaldnar en við upphaf hvers kjörtímabils.

Samþykkt af bæjarstjórn 14. júní 2017